



# Ársyfirlit og sjálfbærniskýrsla

Yfirlit yfir rekstur félagsins 2020/2021 og  
skuldbindingar með tilliti til umhverfisins,  
fólksins, hagsældar og stjórnarháttá



Desember 2021

---

[kpmg.is](http://kpmg.is)

# Ávarp framkvæmdastjóra

Kæri hagaðili okkar hjá KPMG,

Þann 30. september 2021 lauk 46. rekstrarári KPMG ehf. Félagið hefur verið í fararbroddi íslenskra endurskoðunarfélaga allt frá stofnun og er nú stærsta endurskoðunarfélag landsins með um 250 starfsmenn og viðskiptavinum sem telja nokkur þúsund. En félagið er ekki bara endurskoðunarfélag þó það sé ímynd þess í huga margra. Endurskoðunarþjónusta telur í dag innan við helming tekna félagsins, viðskiptamódelið gengur út á að miðla fjölbreyttri þekkingu til viðskiptavina eftir þörfum hverju sinni. Fjölbreytt flóra sérfræðinga, hvort sem er á sviði endurskoðunar, bókhalds, reiknings- eða skattskila, lögfræði eða hvers kyns ráðgjafar, myndar þekkingargrunn sem verður enn verðmætari þegar hrært er í og honum ráðstafað með markvissum hætti í góðri samvinnu þvert á svið.

Starfsfólk félagsins er meðvitað um skýran tilgang félagsins, að skapa traust um fjármálamarkað og stuðla að jákvæðri þróun á íslensku efnahagslífi og samfélagi. Við tölum stundum um okkur sem heilsugæslu viðskiptalífsins, þar

sem fjöldi sérfræðinga hefur það að markmiði að bjóða upp á fjölbreytta og verðmæta þjónustu fyrir viðskiptavininn sem sinnt er af ástríðu og frumkvæði til hagsbóta fyrir hann og samfélagið allt.

Nú í kjölfar aðalfundar vegna ársins 2021 gefur félagið í fyrsta skipti út árs- og sjálfbærnisráskýrslu. Rekstur félagsins gekk vel á árinu, ekki síst þegar tekið er mið af þeirri óvissu sem félagið og viðskiptavinir þess búa við í núverandi aðstæðum. Velta félagsins var nær óbreytt milli ára þrátt fyrir COVID faraldurinn og námu heildartekjur félagsins um 5,3 ma. kr. Batnandi horfur í íslensku efnahagslífi með aukinni eftirspurn og minnkandi tapshættu krafna hafði jákvæð áhrif á afkomuna auk þess sem nokkuð dró úr almennum rekstrarkostnaði vegna faraldursins. Launakostnaður dróst saman vegna fækkunar starfsfólks án þess að sú fækkun hefði áhrif á heildarveltu félagsins. Heildarafkoma félagsins nam þannig 474 millj. kr. samanborið við 250 millj. kr. árið áður. Ársreikningur félagsins er í heild sinni viðauki við þessa skýrslu og vísast til hans varðandi frekari upplýsingar.



*Jón S. Helgason,  
framkvæmdarstjóri og eigandi*

Í byrjun rekstrarársins var gengið frá kaupum á Circular Solutions ehf. en það félag hafði á nokkrum árum mótað sér sérstöðu á íslenskum markaði vegna afburða þekkingar á sjálfbærnimálum. Félagið var því kærkomin viðbót við þá góðu sjálfbærnisérfræðinga sem fyrir voru hjá okkur. Auk þess að sinna sjálfbærnisráðgjöf, -þjónustu, -staðfestingum og -vottunum höfum við sett okkur sjálfbærnistefnu með það að markmiði að innleiða sjálfbærni bæði í eigin rekstur og annað þjónustuframboð, en stefnan er sett fram í þessari skýrslu. Við erum staðráðin í að leggja okkar af mörkum til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og leggjum áherslu á að gefa til baka og taka þátt í lykilverkefnum eins og Festu - miðstöð um samfélagsábyrgð og sjálfbærni, IcelandSif, Grænvangi, auk þess að fylgja Global Compact, sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Sjálfbærnumræðan er ekki einföld og kallað er eftir

breytingum á fjölmörgum sviðum samfélagsins til að bregðast við ýmsum vandamálum og erum við tilbúin í þá samvinnu sem viðskiptavinir okkar og aðrir hagaðilar þarfnast.

COVID hefur kennt okkur margt og mun hafa áhrif til framtíðar. Aðlögunarhæfni starfsfólks á COVID tímum, með aðstoð tækninnar, hefur verið aðáunarverð og af mikilli ósérhlífni höfum við náð að viðhalda góðu þjónustustigi og þekkingarmiðlun eins og kostur er til okkar viðskiptavina. Ég er ákaflega stoltur að vera í forsvari fyrir þennan hóp starfsfólks sem á sama tíma er, samkvæmt könnun, stoltur af því að vinna hér og mælir með félaginu sem góðum vinnustað. Ég þakka þeim hér, fyrir hönd félagsins, fyrir frábært starf á liðnu ári við erfiðar aðstæður. Ég vil jafnframt nota tækifærið og þakka viðskiptavinum félagsins fyrir frábært samstarf á árinu.

### Stjórn félagsins er valin úr hópi hluthafa



Hrafnhildur Helgadóttir, Hlynur Sigurðsson, stjórnarformaður,  
Kristrún Helga Ingólfssdóttir, Haraldur Örn Reynisson og Ágúst Karl Guðmundsson

# Efnisyfirlit

- 2 Ávarp framkvæmdastjóra
- 

## Rekstur & starfsemi

- 6 Starfsemi KPMG
  - 7 Rekstur ársins
  - 9 Endurskoðunarvið
  - 10 Ráðgjafarsvið
  - 11 Bókhaldssvið
  - 12 KPMG Law – lögfræði- og skattaþjónusta
  - 13 Þekkingarmiðlun á árinu
- 

## Sjálfbærni

- 16 Inngangur
- 17 Sjálfbærnistefna
- 18 Mikilvægismat
- 19 Fólk (félagslegir þættir)
- 23 Stjórnarhættir
- 27 Jörðin (umhverfi og loftslagsmál)
- 30 Hagsæld
- 32 Viðauki: Áhætta og tækifæri tengd loftslagi



# Rekstur & starfsemi

# Starfsemi KPMG

KPMG á Íslandi er einkahlutafélag sem er að fullu í eigu 35 hluthafa sem allir eru starfsfólk félagsins. KPMG ehf. heldur á sérleyfi frá KPMG Global og lýtur eftirliti og kröfum þaðan. Hluthöfum fjölgaði ekki á milli ára. Hlutfé félagsins nam 35 millj. kr. í árslok.

## Rekstri félagsins er skipt upp í fimm svið

- Endurskoðunarsvið
- Skatta- og lögfræðisvið
- Ráðgjafarsvið
- Bókhaldssvið
- Stoðsvið

## KPMG rekur skrifstofur á 16 stöðum á landinu

- Reykjavík
- Akranes
- Borgarnes
- Stykkishólmur
- Blönduós
- Sauðárkrókur
- Dalvík
- Akureyri
- Egilsstaðir
- Reyðarfjörður
- Höfn
- Vestmannaeyjar
- Hella
- Selfoss
- Reykjanesbær
- Hafnarfjörður

## Framkvæmdastjórn KPMG



Auður Þórisdóttir, forstöðumaður áhættustýringar og óhæðis



Jón S. Helgason, framkvæmdastjóri



Benedikt K. Magnússon, sviðsstjóri ráðgjafarsviðs



Magnús Jónsson, sviðsstjóri endurskoðunarsviðs



Birna M. Rannversdóttir, sviðsstjóri bókhaldssviðs



Sigrún Kristjánsdóttir, sviðsstjóri stoðsviðs



Erik Christianson Chaillot, mannauðsstjóri



Soffía Eydís Björgvinsdóttir, sviðsstjóri KPMG Law

# Rekstur ársins

Ársreikningur KPMG á Íslandi tekur til reikningsársins 1. október 2020 til 30. september 2021 (hér eftir nefnt árið 2021). Rekstur á árinu 2021 var farsæll. Rekstrartekjur námu 5.303 millj. kr og jukust lítillega frá fyrra ári. Hagnaður ársins nam 474 millj. kr. samanborið við 250 millj. kr. hagnað á fyrra ári. Bætt afkoma fólst fyrst og fremst í hagstæðari efnahagsaðstæðum en árið áður þegar áhrif COVID höfðu töluverð áhrif á eftirspurn og umsvif viðskiptavina.

Þrátt fyrir að COVID hafi verið við líði allt rekstrarárið hafði efnahagslíf tekið við sér með aukinni eftirspurn. Minni óvissa um áhrif faraldursins hafði þannig margvísleg jákvæð áhrif á umsvif hagkerfisins og á sama tíma jákvæð áhrif á rekstur og fjárhag félagsins s.s. áhættu í viðskiptakröfum og fleira. Eignir samstæðunnar í septemberlok 2021 námu 2.159 millj. kr. og hækkuðu um 243 millj. kr. frá fyrra ári. Alls nema viðskiptakröfur og handbært fé um 87% af

eignum félagsins í árslok. Eigið fé í árslok nam 661 millj. kr. og eiginfjárhlutfall nam 31% í árslok 2021 samanborið við 23% árið áður. Engar vaxtaberandi skuldir hvíla á félaginu.

Áhrif vegna COVID hafa verið óveruleg á rekstur félagsins á rekstrarárinu og væntingar eru um að svo verði áfram. Stjórnendur félagsins gera ráðstafanir til að minnka áhættu þess að starfsfólk sýkist af veirunni, m.a. með

aukinni heimavinnu og áherslu á stafræna fundi. Helstu óvissuþættirnir í starfsemi félagsins liggja í almennum efnahagshorfum, launaþróun á Íslandi og innheimtu viðskiptakrafna.



# Lykiltölur í rekstri ársins

## Rekstrartekjur

5.303 mkr

5.261 mkr 2019/2020

## Eignir

2.159 mkr

1.916 mkr 2019/2020

## Eiginfjárlutfall

31%

23% 2019/2020

## Veltufjárlutfall

1,3

1,2 2019/2020

## Hagnaður ársins

474 mkr

250 mkr 2019/2020

## Eigið fé

661 mkr

443 mkr 2019/2020



# Endurskoðunarsvið

Endurskoðunarsvið er stærsta einstaka svið félagsins en á því sviði veitum við okkar fjölmörgu viðskiptavinum þjónustu á sviði endurskoðunar, reikningsskila, skatta og ýmis konar ráðgjafar. Starfsfólk sviðsins er staðsett víða um land en alls starfa um 100 manns á endurskoðunarsviði en fækkaði aðeins frá fyrra ári.



Óhætt er að segja að rekstur sviðsins hafi gengið vel þrátt fyrir að COVID og ýmsar aðrar áskoranir hafi vissulega haft áhrif á okkar viðskiptavini. Þrátt fyrir að velta sviðsins hafi dregist lítillega saman á rekstrarárinu þá var afkoman ásættanleg og var jákvæð þróun í ýmsum lykilmælikvörðum sviðsins. Við sjáum árangur af þeirri fjárfestingu og vinnu sem sett hefur verið í lausnir til að bæta gæði og skilvirkni í þjónustu okkar. Eins hafa breytingar á skipulagi sviðsins hjálpað og síðast en ekki síst verður að horfa til okkar frábæra starfsfólks sem vex með hverri áskorun.

Starfsumhverfi endurskoðenda er síbreytilegt og kröfur til endurskoðunarfélaga aukast með hverju ári, sérstaklega er varðar fyrirtæki og félög er tengjast almannahagsmunum (e. public interest entities). Almennar kröfur um öflugt gæðakerfi verða sífellt ríkari og hefur verið unnið að innleiðingu nýs gæðakerfis fyrir félagið til að mæta því. Þá má nefna aukna áherslu og áhuga viðskiptavina á ófjárhagslegum upplýsingum er tengjast sjálfbærni og tengdum þáttum en þar er horft til þess að endurskoðendur staðfesti slíkar upplýsingar. Þar eru krefjandi en ekki síður áhugaverð verkefni að takast á við.

Við höfum verið leiðandi á sviði endurskoðunar um áratugaskeið og notið trausts til að sinna þjónustu fyrir mörg af stærstu fyrirtækjum landsins auk fjölmargra opinberra aðila. Þessum árangri höfum við náð með því að gæta að óhæði okkar, fjárfesta í innviðum og fólki, meðal annars með öflugri fræðslu, sem nú er sinnt á norrænum grunni, og láta ekki skammtímahagsmunum ráða för í rekstri okkar. Á þessum grunni munum við halda áfram að vaxa og efla traust markaðarins á þjónustu okkar.

# Ráðgjafarsvið

Rekstur ráðgjafarsviðs gekk vel á árinu en undanfarið rekstrarár var nokkur áskorun hjá starfsfólki sviðsins eins og annars staðar. Velta sviðsins jókst umtalsvert á árinu og svarar velta þess nú til um 20% af heildartekjum félagsins.

Heildarfjöldi starfsfólks sviðsins er 42. Ráðgjafarsvið veitir fyrir-tækjum alhliða rekstrarráðgjöf á sviði fjármála, áhættustjórnunar, sjálfbærni og stafrænnar þróunar. Þjónusta ráðgjafarsviðs er meðal annars byggð á alþjóðlegu þjónustuframboði og er undir gæðaeftirliti KPMG Global eins og annað þjónustuframboð félagsins.

Starfsfólk ráðgjafarsviðs hefur áralanga reynslu, fjölbreyttan bakgrunn og sérhæfingu í þeirri þjónustu sem það veitir viðskiptavinum. Starfsfólk starfar náið með tæplega 2.000 ráðgjöfum KPMG á Norðurlöndunum sem árlega eiga aðkomu að fjölmörgum verkefnum fyrir viðskiptavinum sviðsins á Íslandi. Samstarfið við Norðurlöndin og aðrar skrifstofur KPMG gerir okkur kleift að veita viðskiptavinum okkar þjónustu í hæsta gæðaflokki.

Markmið ráðgjafarsviðs er að tryggja viðskiptavinum nauðsynlegan stuðning og innsýn til að greina og fanga hin ýmsu tækifæri, hrinda af stað nýjum verkefnum og knýja áfram jákvæðar breytingar á krefjandi markaði.

COVID hefur á skömmum tíma breytt starfsemi viðskiptavina okkar og kallað á mikla aðlögun í rekstri. Bæði einkageirinn og opinberi geirinn hafa þurft að glíma við óvissu í efnahagsþróun, hraða tækniþróun og breytt regluverk. Líkt og viðskiptavinir okkar, erum við að aðlagast nýjum veruleika með því að tileinka okkur ný vinnubrögð. Ráðgjafar okkar kappkosta að veita ráðgjöf sem tengist fjölbreyttum áskorunum viðskiptavina byggða á sérþekkingu og reynslu. Við leggjum okkur þannig fram við að aðstoða viðskiptavinum okkar við að ná áþreifanlegum árangri í sínum rekstri.




# Bókhaldssvið

Á bókhaldssviði okkar starfa nú 60 sérfræðingar og hefur umfang starfseminnar aukist verulega síðastliðin ár og og svarar velta sviðsins nú til um 15% af heildartekjum félagsins. Rekstur sviðsins gekk vel á starfsárinu þó að velta hafi dregist aðeins saman.

Megin starfsemi sviðsins snýst um færslu bókhalds og launa-útreikning fyrir viðskiptavinum sem oftast eru lítil og meðalstór fyrirtæki. Stjórnendur fyrirtækja sjá í auknum mæli hag í að útvista bókhalds- og launavinnslu. Það á ekki síst við í breyttum aðstæðum vegna COVID þegar sveiflur aukast í rekstrinum og nauðsynlegt getur verið að draga saman seglin þegar kemur að föstum kostnaði eins og launakostnaði.

Viðskiptavinir sviðsins njóta einnig þeirrar þekkingar sem til staðar er á öðrum sviðum félagsins og er starfsfólk í góðu samstarfi önnur svið þegar á þarf að halda. COVID hefur orðið til þess að enn meiri áhersla hefur verið lögð á að þjónusta viðskiptavinum með rafrænum hætti. Starfsfólkið okkar hefur haldið þjónustustigi í hæsta gæðaflokki eins og áður og aðlagð sig að breyttum aðstæðum hverju sinni.

Viðskiptavinir fá aðgang að KPMG Bókað sem er bókhaldskerfi með möguleika á að skila reikningum rafrænt og fá yfirlit um stöðu fyrirtækisins og lykil fjárhagsupplýsingar í rauntíma. Markmiðið er að spara stjórnendum tíma, fyrirhöfn og áhyggjur ásamt því að auðvelda þeim ákvörðunartöku í rekstri sínum.



# KPMG Law – lögfræði- og skattabjónusta

Innan vébanda KPMG Law ehf. er veitt bæði skatta- og lögfræðibjónusta hjá KPMG á Íslandi. Bjónustan er veitt í samvinnu lögmanna KPMG Law ehf. og skattasérfræðinga KPMG ehf.

Samtals starfa á þriðja tug lögmanna, lögfræðinga, endurskoðenda og annarra sérfræðinga við að veita sérhæfða skatta- og lögfræðiráðgjöf á ýmsum sviðum lögfræðinnar, svo sem skatta-, féлага-, samninga- og kröfurétti ásamt aðstoð við kaup og sölu fyrirtækja og áreiðanleikakannanir.

KPMG Law ehf. er lögmannsstofa, búin sérfræðingum á ýmsum sviðum lögfræðinnar með mikla reynslu og er aðili að KPMG Global í gegnum sérleyfi KPMG ehf. KPMG Law lýtur þannig

sama eftirliti frá KPMG Global og KPMG ehf. og heyrir undir sömu reglur þegar kemur að stofnun viðskipta og óhæðisreglum.

Lögmannsstofan starfar náið með öðrum sérfræðingum KPMG á Íslandi og getur á þeim grundvelli veitt breiða og víðtæka bjónustu. Þá tryggir alþjóðlegt tengslanet KPMG Law viðskiptavinum félagsins aðgang að allri nauðsynlegri lögfræðiráðgjöf um allan heim með skilvirkum og hagkvæmum hætti. KPMG Law hefur undanfarin misseri verið eina alþjóðlega lögmannsstofa landsins með aðgangi sínum að

KPMG Legal Services sem er með um 2.750 lögmenn starfandi í 81. landi. Hið sama má segja um víðtækt net sérfræðinga í skattaráðgjöf og sérhæfðum skattskilum á alþjóðlegum vettvangi KPMG sem okkar starfsfólk hefur aðgang að. Styrkleikar KPMG Law felast því í umfangsmiklu tengslaneti og breiðu bjónustuframboði.

Reksturinn gekk vel á árinu. Helstu verkefni voru m.a. á sviði skattaráðgjafar, kaup og sölu fyrirtækja, skattaalegum og lögfræðilegum áreiðanleikakönnunum og bjónustu við nýsköpunarfyrirtæki.



# Þekkingarmiðlun á árinu

Við leggjum mikla áherslu á öfluga þekkingarmiðlun. Á hverju ári heldur KPMG námskeið, fundi og opna viðburði þar sem fjallað er um fjölbreytt viðfangsefni er tengjast rekstri fyrirtækja. Lögð er áhersla á að tengja viðfangsefnið við þarfir viðskiptavina okkar, núverandi og tilvonandi, og er stefnan að nálgast markaðinn út frá þörfum atvinnugreina.

Við starfrækjum þekkingarhópa þvert á starfsemina með áherslu á að skilja þarfir mismunandi atvinnugreina og koma auga á þau viðfangsefni sem efst eru á baugi hverju sinni. Með sérfræðiþekkingu okkar og tengslum við alþjóðlegt net sérfræðinga KPMG um allan heim miðlum við þekkingu til viðskiptavina. Það er von okkar að sú þekking gagnist þeim í rekstri þeirra og ákvarðanatöku.

Rekstrarárið einkenndist eins og áður segir af mikilli óvissu í rekstri fyrirtækja vegna COVID. Lögð var áhersla á að nálgast þau viðfangsefni sem fyrirtæki hafa glímt við í rekstri vegna faraldursins og miðla upplýsingum okkar til viðskiptavina. Mikill fjöldi sótti fundi okkar á árinu en flestir þeirra fóru fram á vefnum, þó að sumir þeirra hafi verið blanda af vefútsendingu og hefðbundnu fundarformi. Haldnir voru fjöldi funda og voru viðfangsefnið allt frá COVID úrræðum stjórnvalda og sjálfbærni á tímum COVID yfir í lágvaxtaumhverfið á fjármálamarkaði.

Auk þess höldum við fjölmörg námskeið fyrir viðskiptavinum sem t.d. snérist um áhrif COVID á reikningskil fyrirtækja. Margir þeirra funda sem við höldum voru í samstarfi við hagsmunasamtök eins og Samtök fjármálafyrirtækja, Ferðamálastofu, Stjórnstöð ferðamála, Ferðaklasann, Festu miðstöð um sjálfbærni sem og sveitarfélög víðsvegar um landið. Er það stefna okkar að vinna náið með slíkum samtökum og stofnunum til að tryggja að aðgengi og sérþekking sé til staðar til hagsbóta fyrir viðskiptavinum.

Að auki gáfum við út fjölda skýrsla og greininga á ýmsum viðfangsefnum í rekstri fyrirtækja og atvinnulífinu á árinu og er mikið af því efni aðgengilegt á vef félagsins, [kpmg.is](https://www.kpmg.is)



# Helstu námskeið og fundir ársins

Við viljum þakka þeim gestum okkar sem mættu á fundi og námskeið ársins og samstarfsaðilum fyrir gott samstarf á árinu.

Vision 2030 – Banking beoynd the Horizon í samstarfi við KPMG á Norðurlöndum. **Október 2020**

Þróun í sjálfbærni á tímum COVID í samstarfi við Festu, miðstöðvar um sjálfbærni. **Október 2020**

Sviðsmyndir í starfsumhverfi íslenskrar ferðaþjónustu í samstarfi við Ferðamálastofu og Stjórnstöð íslenskrar ferðaþjónustu. **Október 2020**

COVID úrræði stjórnvalda í samstarfi við Samtök Sveitarfélaga á Vesturlandi, Samtök Sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, Samtök Sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og Austurbrú. **Janúar / Mars 2021**

Fjögur námskeið í reikningsskilum og áhrif COVID á ársreikninga, leigusamninga, fjármálagerninga og gangvirðismats eigna og skulda og virðisrýrnunar ófjárhagslegra eigna. **Nóvember 2020**

Viðspyrna ferðaþjónustunnar. Nýársmálstofa í samstarfi við Ferðaklasann og Samtök ferðaþjónustunnar. **Janúar 2021**

Skattafróðleikur 2021, skattastjórnun, skattspor, skattalagabreytingar og sjálfbærni. **Febrúar 2021**

Málefni tengd eftirlitshlutverki stjórnna og endurskoðunarnefnda. Fróðleikur á fimmtudegi. **Mars 2021**

Áskoranir við innleiðingu ESEF, samnorrænn fundur með félögum KPMG á Norðurlöndum. **Mai 2021**

Lágvaxtaumhverfið í samstarfi við Samtök fyrirtækja á fjármálamarkaði - opinn morgunverðarfundur. **Júní 2021**

Sprotafyrirtæki – gerð hluthafasamkomulaga ofl. Fundur fyrir teymi í Startup Supernova viðskiptahraðal Nova. **Júní 2021**

Menningartengt siðferði í víðum skilningi. Vefráðstefna um könnun meðal Norrænna fyrirtækja á stjórnun og menningartengdu siðferði. **Ágúst 2021**

Hvaða lykilatriði hafa áhrif á hagkerfi heimsins í dag? Fundur í samvinnu við KPMG á Norðurlöndum með Nóbelsverðlaunahafanum í hagfræði, Paul Krugman. Strategy forum vefráðstefna. **September 2021**

Framtíð tryggingageirans. Norræn vefráðstefnan „*Vision: The power to change*“ í samstarfi við KPMG á Norðurlöndum. **September 2021**



# Sjálfbærni

# Inngangur

Sjálfbærnisráskýrsla KPMG ehf. inniheldur sjálfbærnistefnuna okkar og upplýsingar um sjálfbærnimál félagsins. Þessi skýrsla felur jafnframt í sér skýrslu okkar til Global Compact (sáttmála Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni) og framvinduskýrslu okkar vegna Loftslagsyfirlýsingar Festu.

Þessi skýrsla er fyrsta sjálfbærnisráskýrsla okkar og erum við mjög stolt af því að ná þessum áfanga en erum jafnframt auðmjúk. Við gerum okkur grein fyrir því að við, sem félag, rétt eins og viðskiptavinir okkar, erum á þeirri vegferð að skilja hugarfarsbreytinguna sem er fólgin í sjálfbærum fyrirtækjarekstri. Í hinni frægu Brundtland-skýrslu Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1987 var sjálfbærni skilgreind þannig: „Sjálfbær þróun er þróun sem mætir þörfum nútímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum.“ Þetta er það sem við viljum beita okkur fyrir, að komandi kynslóðir fái í arf betri jörð og betra samfélag en við fengum.

Við leggjum höfuðáherslu á að hjálpa viðskiptavinum okkar við að ná markmiðum sínum um sjálfbærari rekstur. Við viljum hjálpa þeim að átta sig á þeim ávinningi sem það hefur í för með sér að innleiða sjálfbærni af heilindum og með mikilvægissjónarmið að leiðarljósi. Ávinningurinn sem rannsóknir hafa sýnt fram á er meðal annars fólgin í auknum tekjum, lægri kostnaði, að vera í betri stöðu til að uppfylla komandi lög og reglur, arðsemi sjálfbærra fjárfestinga, halda í og laða til sín

besta starfsfólkið og viðhalda samkeppnishæfni og auka verðmætasköpun til framtíðar.

Eitt af mikilvægustu framlögum okkar teymis á undanförunum árum hefur verið að taka þátt í hinu mikilvæga verkefni að endurskipuleggja fjármálamarkaði, þ.e. að auka hlutfall sjálfbærra fjárfestinga, enda hafa fjármálamarkaðir mikilvægu hlutverki að gegna í að stuðla að sjálfbærara samfélagi. Árið 2018 aðstoðuðum við við að búa til fyrsta græna skuldabréfið á Íslandi, í kjölfarið fyrsta félagslega skuldabréfið, svo fyrsta græna innlánsreikninginn, og svo fyrsta sjálfbæra skuldabréfið. Haustið 2021 var svo komið að fyrsta bláa skuldabréfinu. Við viljum halda áfram að stuðla að framförum með samvinnu við viðskiptavinir okkar og aðra hagaðila, ekki aðeins í fjármálageiranum heldur líka með því að takast á við aðrar stórar sjálfbærniáskoranir.

Við erum meðvituð um, eins og rithöfundurinn Andri Snær Magnason hefur bent á, að þess er skammt að bíða að börnin og barnabörnin okkar muni erfa jörðina og samfélagið sem við mótum á hverjum degi. Við þurfum því að bregðast við í samræmi við það.



*Bjarni Herrera Þórisson,  
forstöðumaður sjálfbærni*



# Sjálfbærnistefna

Við höfum markmið okkar að leiðarljósi - sem er að tryggja að við séum traustsins verð og að styðja breytingar sem bæta samfélagið. Til að ná þessum markmiðum höfum við útbúið sjálfbærnistefnu sem fjallar um skuldbindingar með tilliti til jarðarinnar (umhverfis- og loftslagsmál), fólksins (félagslegir þættir), hagsældar og stjórnarháttá (saman einnig kallaðir UFS þættir).

Í þessari sjálfbærnistefnu er ætlunin að veita yfirsýn yfir áherslur okkar á sviði sjálfbærni. Sem leiðandi endurskoðunar- og ráðgjafarfyrtæki sem veitir endurskoðunar-, skatta-, lögfræði-, bókhalds- og ráðgjafarþjónustu, lítum við á það sem hlutverk okkar og skyldu að stuðla að sem mestum ávinningi fyrir fólk og jörðina með hagsæld að leiðarljósi en lágmarka um leið neikvæð áhrif af starfsemi okkar. Við leggjum áherslu á að hjálpa viðskiptavinum okkar að gera slíkt hið sama.

Við höfum einsett okkur að ná þessari sjálfbærnisýn með því að innleiða skýrar reglur, markmið og aðgerðaáætlanir. Í aðgerðaáætlun okkar (sem hönnuð verður á árinu 2022) munum við tryggja að markmið félagsins séu mælanleg og að væntingar sem gerðar eru til starfsfólks, viðskiptavina, viðskiptafélaga, eigenda og annarra hagsmunaaðila séu skýrar.

## Opinberar skuldbindingar

Við leggjum áherslu á að gefa til baka og miðla þekkingu okkar og reynslu. Þess vegna teljum við mikilvægt að taka þátt í samtökum og verkefnum sem hafa það að markmiði að stuðla að framgangi sjálfbærrar þróunar á ábyrgan og lausnamiðaðan hátt. Við erum aðilar að eftirfarandi verkefnum:

- **Festa**, miðstöð um samfélagsábyrgð og sjálfbærni (auk Loftslagsyfirlýsingar Festu) ásamt um 170 öðrum fyrirtækjum og stofnunum á Íslandi.
- **IcelandSif** (samtök um ábyrgar fjárfestingar) ásamt öllum helstu fjármagnseigendum og eignastýringarfyrtækjum á Íslandi.
- **Grænvangur** (Green by Iceland) samstarfsvettvangur atvinnulífs og stjórnvalda um loftslagsmál og grænar lausnir.
- **UN Global Compact** verkefni sem byggir á skuldbindingum forstjóra um að innleiða almennar sjálfbærnireglur og styðja við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

## Hlutverk og skyldur

Stjórn KPMG ber ábyrgð á þessari stefnu. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á samþættingu stefnu-skuldbindinganna sem lýst er hér að neðan við skipulag stafseminnar í heild, daglegan rekstur og þjónustuframboð. Framkvæmdastjóri mun einnig sjá til þess að fyrirtækið innleiði vísa, markmið og aðgerðaáætlun til að ná þeim markmiðum sem fyrir liggja.

Stofnuð hefur verið sjálfbærni-nefnd en í henni sitja auk framkvæmdastjóra sem jafnframt er formaður nefndarinnar, fjármála- og rekstrarstjóri, mannauðstjóri, fulltrúi stjórnar og forstöðumaður sjálfbærni. Hlutverk nefndarinnar er að stýra samþættingu sjálfbærni í starfsemi félagsins. Nefndin mun einnig útbúa sjálfbærnisráðgjafar og meta hvernig gengur að ná markmiðum um sjálfbæra þróun, sem og annast samskipti við innri og ytri hagsmunaaðila.

## Gagnsæi

Stjórn, framkvæmdastjóri og sjálfbærninefndin munu fara yfir þessa stefnu árlega og verður hún birt á vef okkar, [kpmg.is](https://www.kpmg.is)

# Mikilvægismat

Við erum meðvituð um að starfsemi félagsins og sú þjónusta sem við veitum viðskiptavinum okkar getur haft jákvæð og/eða neikvæð áhrif á umhverfið og samfélagið – og öfugt, samfélagsbreytingar og loftslagsbreytingar geta haft neikvæð áhrif á starfsemi okkar.

Til að öðlast betri skilning á þessum margvíslegu áhrifum höfum við skilgreint helstu hagsmunaaðila okkar. Á meðal þeirra eru starfsfólk okkar, birgjar, viðskiptavinir, eigendur og opinberir aðilar. Við leggjum áherslu á að greina og einbeita okkur að því sem mestu máli skiptir, þ.e. skilja hvað er mikilvægt í starfsemi okkar og hvað ekki.

## Neikvæð og jákvæð áhrif

Að skilja mikilvæg áhrif starfsemi okkar gerir okkur betur í stakk búin að lágmarka neikvæð áhrif og auka jákvæð áhrif. Á árinu 2021 framkvæmdum við mikilvægismat (e. materiality assessment), byggt á viðurkenndum aðferðum og vísindarannsóknum. Mikilvægismat er gert til að leggja mat á efnahagsleg, umhverfisleg og samfélagsleg áhrif félagsins, annars vegar fyrir starfsemi þess og hins vegar fyrir hagsmunaaðila okkar.

Rétt er að líta til blöndu innri og ytri þátta við mat á því hvort viðfangsefni sé mikilvægt. Má í því sambandi nefna heildarmarkmið félagsins og samkeppnisstefnu þess og áhyggjur sem hagsmunaaðilar tjá með beinum hætti. Einnig er hægt að meta mikilvægi með tilliti til samfélagslegra væntinga í víðara samhengi og áhrifa félagsins á aðila sem eru ofar í virðiskeðjunni, eins og birgja, eða neðar í henni, eins og viðskiptavini. Sjálfbærniatriði sem greind eru geta haft jákvæð og neikvæð fjárhagsleg áhrif á félagið með því að hafa áhrif á sjóðstreymi þess til dæmis vegna truflunar á aðfangakeðjunni, aukins launakostnaðar eða nýrra viðskiptatækifæra.

## Við leggjum áherslu á það sem skiptir okkur máli

Í ljósi þess að eðli félagsins er sérfræðiþjónustufyrirtæki, eru það félagslegir þættir og stjórnarhættir sem skipta okkur mestu máli samkvæmt mikilvægismatinu. Mikilvægustu atriðin eru:

### Fólk (félagslegir þættir)

Mannauður með áherslu á menningu án aðgreiningar og fjölbreytni, símenntun og heilsu og vellíðan auk samfélagsþátttöku.

**sjá bls. 19 →**

### Stjórnarhættir

Stjórnskipulag og yfirsýn, gagnaöryggi, viðskiptasiðferði, skýrslugjöf og samskipti við hagaðila og áhrif á virðiskeðjuna.

**sjá bls. 23 →**

### Jörðin (umhverfi og loftslagsmál)

Loftslagsbreytingar, losun félagsins á gróðurhúsalofttegundum og áhrif á virðiskeðjuna.

**sjá bls. 27 →**

### Hagsæld

Virðið sem við sköpum fyrir viðskiptavini okkar og samfélagið þar sem auður og atvinnusköpun eru lykilatriði.

**sjá bls. 30 →**

# Fólk (félagslegir þættir)

Sem þjónustu- og þekkingarfyrirtæki eru verðmæti okkar fólgin í þekkingu og færni starfsfólks okkar og getu okkar til að þjóna þörfum viðskiptavina okkar á skilvirkan hátt. Þess vegna er mikilvægt að við bjóðum upp á fjölbreytt, heilbriggt og öruggt starfsumhverfi án aðgreiningar svo fólkið okkar geti dafnað í starfi. Á árinu var því áfram lögð rík áhersla á öryggi, samheldni og heilsu starfsfólks í ljósi COVID sem lætur ennþá á sér kræla. Þetta lýsti sér helst í miklum sveigjanleika gagnvart starfsfólki, heilsutengdum stuðningi og auknu eftirliti með vellíðan starfsfólks.

Félagslíf á árinu litaðist einnig af heimsfaraldrinum en starfsmannafélag okkar aðlagði sig að breyttum aðstæðum og fundnar voru nýjar leiðir til viðburðahalda. Dæmi má nefna reglulegar fjallgöngur, sýnikennsla í streymi í ítalskri matargerð með framkvæmdastjóra og matreiðslumeistara okkar auk Barsvar keppna og hittinga í gegnum fjarfundabúnað.



Við erum staðráðin í að finna stöðugt nýjar leiðir til að laða að og halda í besta starfsfólkið. Til að ná þessu markmiði leggjum við áherslu á að starfsfólkið okkar geti vaxið í starfi með símenntun auk þess að bjóða upp á sveigjanlegt vinnufyrirkomulag sem eykur starfsánægju. Þetta jafnvægi gerir okkur kleift að bjóða viðskiptavinum okkar upp á fyrsta flokks nýstárlegar lausnir og þjónustu svo þeir geti aðlagð sig að síbreytilegum heimi á samfélagslega ábyrgan hátt.

Á sviði samfélagsmála leggjum við áherslu á menningu án aðgreiningar og fjölbreytni, símenntun, heilsu og vellíðan og samfélagsþátttöku.

## Heilbriggt og gott starfsumhverfi

Það er forgangsmál hjá okkur að tryggja heilsu og andlega vellíðan starfsfólks. Við vitum hversu mikilvægt það er að gæta heilbrigðs jafnvægis á milli vinnu og einkalífs og teljum mikilvægt að veita starfsfólki okkar sveigjanleika og sjálfstæði. Árleg starfsánægjukönnun var send út í september sem 84% starfsfólks svaraði. Niðurstöður könnunarinnar voru jákvæðar og sýna fram á sterka samsvörun starfsfólks með markmiðum okkar þar sem 88% starfsfólks var mjög stolt af því að vinna hér og 81% myndi mæla með KPMG sem frábærum vinnustað við aðra.

### Á meðal árangursríka verkefna okkur eru

- ✓ Fyrstu samfélagsskuldabréfin fyrir Félagsbústaði og Háskólann í Reykjavík.
- ✓ Fyrsta skráningin í Almannaheillaskrá.
- ✓ Aðstoð við stefnumörkun á sviði sjálfbærni hjá fjölbreyttum hópi fyrirtækja með áherslu á samfélagsleg málefni.

Á meðan COVID geisaði sáum við til þess að starfsfólkið okkar gæti unnið að heiman til að gæta fyllsta öryggis. Við lögðum líka aukna áherslu á að mæla og bregðast við hættu á kulnun í starfi og stefnum að því að halda áfram á þeirri braut með tíðari könnunum og samtölum við starfsfólk um álag.

Við lítum svo á að íslenski vinnumarkaðurinn, sem byggir á kjarasamningnum og háu aðildarhlutfalli að stéttarfélögum, geri okkur auðveldara um vik að bjóða upp á heilbriggt starfsumhverfi sem einkennist af jafnræði og jafnvægi á milli vinnu og einkalífs.

## Fjölbreytni og menning án aðgreiningar í fyrirrúmi

Kynjajafnrétti, fjölbreytni og menning án aðgreiningar eru mikilvæg fyrir heilbriggt, sanngjarnt og öruggt starfsumhverfi og við viljum vera leiðandi á þessu sviði.

Við vorum eitt af fyrstu fyrirtækjum landsins að taka upp jafnlaunavottun en hún er uppfærð árlega. Þá eru laun endurskoðuð tvisvar á ári með það að markmiði að tryggja að allt starfsfólk njóti sömu launa fyrir sömu vinnu. Ennfremur vinnum við eftir jafnréttisáætlun sem er uppfærð að minnsta kosti á þriggja ára fresti og vinnum markvisst að því að fræða allt starfsfólk um jafnrétti, virðingu og fjölbreytni.

## Símenntun

Við leggjum að auki áherslu á þróun mannauðs, enda er fyrirtækinu nauðsynlegt að laða til sín og halda í starfsfólk í fremstu röð. Þá lítum við á að góð mannauðsstjórnun sé lykillinn að því að ná þessu markmiði.

Þess vegna býður félagið upp á fjölbreyttar leiðir fyrir starfsfólk að þróa getu sína og hæfni meðal annars með virku námskeiðahaldi innan félagsins og í samstarfi við systurfélög erlendis auk þess að greiða fyrir þátttöku í námskeiðum utan fyrirtækisins sem tengjast starfssviði starfsfólks.

Sá tími sem fer í skipulagða þjálfun og endurmenntun er að jafnaði um 5% af viðveru starfsfólks. Hluti fræðslunnar eru sjálfbærinámsskeið með það að markmiði að auka skilning alls starfsfólks á því hvað það þýðir að vera sjálfbært fyrirtæki. Við leggjum áherslu á að miðla þekkingu okkar og auka meðvitund og skilning innan fyrirtækisins svo fleiri átti sig á því að ekki er eingöngu mikilvægt að gæta að umhverfis- og loftslagsmálum heldur er einnig mikilvægt að huga að félagslegum þáttum til að skapa gott og réttlátt samfélag.

## Samfélagið okkar

Við viljum hjálpa viðskiptavinum okkar að skilja hvernig þeir geti lagt sitt af mörkum til samfélagsins, því þannig getum við haft einna jákvæðustu áhrifin.

Við veitum óhagnaðardrífnum félögum ráðgjöf um hvernig þau geti bætt áhrif sín og aðstoðuðum auk þess Háskólann í Reykjavík og Félagsbústaði við útgáfu fyrstu samfélagslegu skuldabréfanna á Íslandi. Í öllum UFS-verkefnum okkar aðstoðum við viðskiptavini við að skilja mikilvæg samfélagsáhrif þeirra og vinnum með þeim í umbótum á aðfangakeðjum þeirra.

### Áskoranir sem viðskiptavinir okkar standa frammi fyrir

- ⊙ Að skilja samfélagsleg áhrif aðgerða á sviði umhverfis- og loftslagsmála.
- ⊙ Mikilvægi fólks og samfélags á nútímavinnustað.
- ⊙ Hvar helstu samfélagslegu áhrif starfseminnar liggja.



## Mikilvægir áhættuþættir í stefnu um fólk (félagslega þætti)

### Menning án aðgreiningar og fjölbreytni

Við leggjum áherslu á að skapa fyrirtækjamenningu án aðgreiningar þar sem allt starfsfólk hefur jöfn tækifæri og finnst að það sé metið að verðleikum. Við munum halda áfram að vinna að uppbyggingu fjölbreytileika innan fyrirtækisins með innleiðingu fjölbreytniáætlunar og þjálfunar fyrir starfsfólk. Þá höldum við áfram að vinna að skýrum verklagsreglum um fjölbreytni og jafnræði með viðbragðsáætlunum sem taka á einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi. Ennfremur munum við sjá til þess að jafnréttisáætlun félagsins verði innleidd og að jafnlaunaáætluninni sé viðhaldið.

### Símenntun

Við hvetjum allt starfsfólk til að tileinka sér hugarfar símenntunar. Fyrirtækið býður upp á þjálfunaráætlun til að tryggja að starfsfólk geti þróað og þroskað sérfræðipækkingu sína, veitir þeim aðgang að sjálfsnámstækjum og leggur áherslu á starfsþjálfun nýs starfsfólks með þjálfun og endurgjöf. Í samstarfi við systurfyrirtæki okkar á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum rekum við alhliða þjálfunarmiðstöð fyrir starfsfólk okkar. Auk þess sækja lög-giltir endurskoðendur reglulega þjálfun samkvæmt lögum nr. 94/2019.

### Heilsa og vellíðan

Við leggjum áherslu á heilbrigt, öruggt og fjölskylduvænt vinnuumhverfi svo starfsfólki líði vel og geti verið skilvirkt og afkastamikið. Fyrirtækið leggur metnað sinn í að veita stuðning og innleiða verkefni til að tryggja góða andlega og líkamlega vellíðan starfsfólks síns.

### Samfélagsþátttaka


Sem hluti af íslensku samfélagi stefnum við að því að leggja okkar af mörkum til samfélagsins sem við störfum í og munum hrinda í framkvæmd staðbundnum verkefnum í því augnamiði, með áherslu á þekkingarmiðlun. Við höfum þegar átt í samstarfi við háskóla, sprotafyrirtæki og aðra mikilvæga aðila í samfélaginu.

### Markmið


Ítarleg aðgerðaáætlun og frekari félagsleg markmið verða mótuð á árinu 2022.

# Áhrifamælaborð stefnu um fólk (félagslega þætti)

## HLUTFALL KVENNA



## ALDRUSFLOKKAR



## ÞJÓÐERNI



Bandaríkin



Frakkland



Inland



Pólland



Rúmenía



Tékkland


Níu einstaklingar hafa annað móðurmál en íslensku

## LAUNAJAFNRÆÐI (MIÐGILDI LAUNA)



Óútskýrður launamunur 2020 var 2,8% karlmönnum í vil. KPMG er með jafnlaunavottun.

## STARFSMANNAVELTA



## HEILSA OG ÖRYGGI

- Fylgir fyrirtækið almennri heilsustefnu og/eða stefnu um heilsu og öryggi?

4% fjarvera vegna veikinda 9,4 dagar á hvern einstakling

## STARFSÞJÁLFUN

- Er fyrirtækið með menntunar- og/eða þjálfunaráætlun fyrir starfsfólk?

84 klst. í starfsþjálfun á hvert stöðugildi

## SAMFÉLAGSSTEFNUR

- Fylgir fyrirtækið stefnu er varðar kynferðislegt áreiði og/eða jafnrétti?
- Fylgir fyrirtækið mannréttindastefnu?
- Fylgir fyrirtækið stefnu gegn barna- og/eða nauðungarvinnu?

# Stjórnarhættir

Við erum þekkingarmiðað þjónustufyrirtæki sem vinnur með viðskiptavinum á öllum sviðum atvinnulífsins. Við leggjum metnað í að vera fremst í flokki fyrirtækja sem veita sérfræðiþjónustu hvað varðar traust og áreiðanleika. Meginþjónusta okkar gegnir lykilhlutverki í að skapa traust á fjármálamörkuðum og samfélaginu öllu og aðstoðum við viðskiptavinum okkar við að umbreyta og skapa verðmæti fyrir samfélagið. Vegna þessa eru góðir stjórnarhættir einn mikilvægasti þátturinn í starfsemi okkar, en litið er á góða stjórnarhætti sem undirstöðu sjálfbærs samfélags.

Við sjáum tækifæri í því að stuðla að góðum stjórnarháttum og erum meðvituð um lykilhlutverk þeirra að sjálfbærara samfélagi. Markmið okkar er að gefa reglulega út skýrslur um góða stjórnarhætti, bæði innan félagsins og til almennrar birtingar til að auka traust og trúnað viðskiptavina okkar og annarra hagaðila. Á sama tíma viljum við halda áfram að hafa jákvæð áhrif með þjónustu okkar á ávinning allra hagaðila félagsins.

## Gagnaöryggi

Við vinnum með mikið magn trúnaðarupplýsinga frá viðskiptavinum okkar og því er netöryggi og gagna-vernd grundvallarþáttur í starfsemi okkar. Í þeim staf-ræna heimi sem við lifum í, þar sem virði þess að greina upplýsingar er mun meira en áður auk þess sem lög og reglur verða sífellt flóknari, gegnir gagna-vernd þeim mun mikilvægara hlutverki.

Af þessum sökum teljum við vernd gagna og persónuupplýsinga viðskiptavina okkar afar mikilvægan þátt í starfsemi okkar og starfsfólk okkar fær reglulega þjálfun á sviði persónuverndar sem byggir á evrópskum persónuverndarreglum (GDPR). Að auki fær starfsfólk okkar reglulega þjálfun um upplýsinga-öryggi, m.a. um hvernig greina eigi og meðhöndla vefveiðar. Auk þess eru kerfi okkar hönnuð í því skyni að vernda gögn viðskiptavina okkar.

Við höfum skjalfest upplýsingaöryggisstefnu og skipulagt stjórnkerfi upplýsingaöryggis sem rekstur upplýsingatæknihverfis félagsins byggir á. Skipulagt og markvisst eftirlit og endurskoðun fer fram á stjórnkerfinu, bæði af hálfu KPMG og einnig af hálfu KPMG Global.

Grunnviðmið og kröfur til aðildarféлага KPMG um meðhöndlun upplýsinga eru settar fram af hálfu KPMG Global og byggja á almennt þekktum stöðlum, s.s. COBIT, ISO 27001 og ISO 27002. KPMG hefur auk þess innleitt eftirlitsþætti sem taka mið af íslenskum lögum og reglugerðum.

Við höfum byggt upp stjórnkerfi upplýsingaöryggis þar sem starfandi er upplýsingaöryggisstjóri, persónuverndarfulltrúi og öryggisnefnd. Innan KPMG er áhættustýringardeild sem tekur virkan þátt í upplýsingaöryggi og persónuverndarmálum og er jafnframt hluti af öryggisteymi félagsins.

### Á meðal árangursríka verkefna okkur eru

- ✔ KPMG aðstoðar fyrirtæki við að byggja upp góða stjórnarhætti með ráðgjöf til viðskiptavina.
- ✔ KPMG á Íslandi sætir eftirliti varðandi fylgni félagsins við áhættureglur og gæðastaðla sem er framkvæmt í samræmi við fyrirmæli KPMG Global. Á þriggja ára fresti framkvæmir KPMG Global ítarlega úttekt á stjórnarháttum KPMG á Íslandi, fylgni félagsins við lög og reglur og á fjárhagslegri stöðu. Niðurstöður síðustu úttekta voru fullnægjandi.

## Ábyrgir og siðferðilegir viðskiptahættir

Skuldbinding um ábyrga og siðferðilega viðskiptahætti er lykilþáttur í starfsemi okkar vegna áhrifa þess á orðspor okkar.

Við leitumst við að breyta samfélaginu og viðskiptum til hins betra og á sama tíma vinna í samræmi við ýtrustu faglega staðla, með viðskiptavinum okkar, birgjum og í okkar innra starfi, samkvæmt siðareglum sem við höfum sett okkur en þær byggja á meginreglum Sameinuðu þjóðanna (UN Global Compact) gegn mannréttindabrotum og spillingu.

Allt starfsfólk er hvatt til að tilkynna um ósiðlegt og ólöglegt framferði og standa vörð um heilindi fyrirtækisins. Uppljóstrunarúrræði fyrir tilkynningar eru í boði fyrir allt starfsfólk og ennfremur erum við með uppljóstrunarkerfi, alþjóðlega ábendingalínu (KPMG International Hotline), sem er aðgengileg aðilum bæði innan og utan fyrirtækisins. Að auki er KPMG með árlega þjálfun um óhæði og heiðarleika, í samræmi við alþjóðlegu gæða- og áhættustjórnunarhandbók okkar sem gildir um alla hluthafa og starfsfólk á heimsvísu. Við höfum einnig kerfi, verklagsreglur og öryggisráðstafanir til að aðstoða okkur við að fara að lögum og reglum um óhæði og hlutleysi.

### Áskoranir sem viðskiptavinir okkar standa frammi fyrir

- ⊙ Sífelldar breytingar á kröfum markaðarins til viðskipta vegna gagnsæis, áhrifa virðisikeðjunnar, sjálfbærni o.fl.
- ⊙ Áhrif COVID á breytta starfshætti.
- ⊙ Aukin krafa til gagnaverndar og öryggis.
- ⊙ Áherslur á góða stjórnarhætti sem huga að hagsmunadilum (e. stakeholder capitalism).

## Góðir stjórnarhættir í fyrirrúmi

Hluti af þjónustu okkar er að veita ráðgjöf um stefnumótun, þar á meðal góða stjórnarhætti og sjálfbærni almennt, auk þess að veita ráðgjöf á sviði innri endurskoðunar og áhættustýringar.

Við vinnum með viðskiptavinum okkar að því að innleiða sjálfbærniáætlanir með það að markmiði að auka samkeppnishæfi þeirra, auka virði hagkerfisins og knýja um leið fram jákvæðar samfélagsbreytingar og lágmarka neikvæð umhverfis- og félagsleg áhrif.

## Gagnsæi

Gagnsæi er órjúfanlegur hluti af starfsemi okkar og stjórnarháttum og er lýst nánar í gagnsæisskýrslu okkar sem öllum endurskoðunarfyrirtækjum ber að birta.

Gagnsæisskýrslan er gefin út árlega og má finna á vef okkar, [kpmg.is](https://www.kpmg.is). Héðan í frá munum við einnig birta sjálfbærnisráðgjöf samhliða árskýrslu okkar þar sem farið verður yfir sjálfbærnimarkmið okkar og árangur.





## Mikilvægir áhættuþættir í stefnu á sviði stjórnarháttá

<b>Stjórnskipu- lag og yfirsýn</b>	Við störfum í samræmi við íslensk lög og leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja. Stjórn mun reglulega ræða og endurskoða stjórnun félagsins á málum sem fjallað er um í þessari stefnu og aðgerðaáætlun um sjálfbærni. Í samstarfi við KPMG Global erum við með stefnu um uppljóstranir auk þess að uppfylla kröfur íslenskra laga. Árlega fær allt starfsfólk þjálfun sem undirstrikar stefnuna um verndun uppljóstrara og jafnframt leggjum við áherslu á grundvallargildi okkar.
<b>Gagnaöryggi</b>	Við munum halda áfram að vernda upplýsingatækni-umhverfi okkar, afurðir og gögn viðskiptavina. Við gerum það með því að þjálfa starfsfólk okkar í gagnaöryggi og tryggja að kerfi okkar uppfylli ströngustu kröfur.
<b>Viðskipta- siðferði</b>	Við höfum skuldbundið okkur til að tryggja að bæði starfsfólk okkar og samstarfsaðilar starfi í samræmi við meginreglur og gildi félagsins sem fram koma í siðareglum. Öllu starfsfólki, hluthöfum og stjórn ber að staðfesta fylgni við siðareglurnar árlega. Settar hafa verið skýrar stefnur og verklagsreglur um áhættustýringu sem og reglubundið innra eftirlit sem tryggir sjálfstæði okkar og fyrirbyggir hagsmunaaðila í starfi okkar.
<b>Skýrslugjöf og samskipti við hagaðila</b>	Við leggjum metnað okkar í að viðhalda góðum tengslum við helstu hagsmunaaðila. Það munum við gera með opnu samtali um þróun, tækifæri og sjálfbærniáhættu til að bera kennsl á þá mikilvægu þætti sem áhrif hafa á hagsmunaaðila okkar. Auk þess munum við árlega birta sjálfbærnisráskýrslu á vefsíðu okkar.
<b>Áhrif virðiskenndu</b>	Við munum vinna að því að tryggja að vörur, sem félagið kaupir, séu í samræmi við samfélagslega sanngirni, siðferði og ábyrgð. Við munum reglulega endurskoða verklagsreglur okkar og koma á virku samtali við alla helstu birgja okkar til að tryggja samræmi við gildi siðareglna félagsins og mannréttindi. Ennfremur munum við innleiða vistvæn innkaupaferli og höfum skuldbundið okkur til að styðja viðskiptavinum okkar og starfsfólki í sjálfbærnivæðingum þeirra.

### Markmið

KPMG er með öflugar stefnur, ferla, gæðaeftirlit, innri úttekt og stjórnunarmenningu.

Samhliða því að við aðlöguðumst og fræðumst um nýjan veruleika á sviði sjálfbærni og UFS munum við aðlaga núverandi aðgerðaáætlanir okkar til að endurspegla sjálfbærnistefnu okkar fyrir árið 2022.

## Áhrifamælaborð stjórnarháttastefnu

### MARKMIÐ

Markmiðayfirlýsing okkar er:

Sem fyrirtæki erum við innblásin af markmiðum okkar — að vekja traust og styðja við breytingar.

### MIKILVÆGISÞÆTTIR SEM Hafa ÁHRIF Á HAGSMUNAAÐILA

- Mannauður
- Eftirlit
- Netöryggi
- Viðskiptasiðferði
- Þátttaka hagsmunaaðila
- Loftslagsbreytingar

### SAMBÆTTING ÁHÆTTU OG TÆKIFÆRA Í VIÐSKIPTAFERLI

- Hefur fyrirtækið skoðað UFS áhættu tengda ólíklegum en stórbrotnum atburðum?
- Hefur fyrirtækið skoðað langtíma-áhættu tengda UFS þáttum?

### STJÓRNKERFI UPPLÝSINGA-ÖRYGGIS (E. ISMS)

- Er félagið með skjalfesta upplýsingaöryggisstefnu?
- Er félagið með markvisst eftirlit byggt á viðurkenndum stöðlum?

### SIÐFERÐI

Hve hátt hlutfall starfsfólks hefur formlega vottað að það fylgi siðareglum? **100%**

- Er fyrirtækið með menntunar- og/eða þjálfunaráætlun tengda siðferði fyrir starfsfólk?

### PERSÓNUVERND

- Fylgir fyrirtækið stefnu um persónuvernd?
- Hefur fyrirtækið hafist handa við að fylgja GDPR reglum?

### RÁÐSTAFANIR GEGN SPILLINGU

- Fylgir fyrirtækið stefnu um siðferði og/eða aðgerðum gegn spillingu?

# Jörðin (umhverfi og loftslagsmál)


Við gerum okkur grein fyrir alvarleika loftslagsvárisinnar og annarra umhverfisvandamála. Það er brýnt að leysa þau vandamál fyrir samfélagið, heimshagkerfið og almenn lífsskilyrði.

Við erum meðvituð um að félagið getur haft jákvæð áhrif með því að leggja áherslu á umhverfismál í starfsemi félagsins, þjónustuframboði og hvernig við eigum samskipti við viðskiptavinum okkar. Þannig erum við staðráðin í að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af okkar eigin starfsemi en gerum okkur jafnframt grein fyrir því að við getum haft jákvæðustu áhrifin í gegnum þjónustuna sem við veitum viðskiptavinum okkar á sviði endurskoðunar og ráðgjafar.

Mikilvægismat okkar hefur sýnt að loftslagsbreytingar og umhverfisáhrif innan virðiskeðjunnar okkar eru mikilvægustu umhverfismálin sem félagið stendur frammi fyrir.

## Á meðal árangursríkra verkefna okkar eru

- ✓ Fyrstu grænu skuldabréfin á Íslandi fyrir Reykjavíkurborg og Orkuveitu Reykjavíkur.
- ✓ Fyrsti græni innlánsreikningurinn fyrir Arion banka.
- ✓ Fyrsta bláa skuldabréfið á Íslandi og líklega á heimsvísu í sjávarútvegi, fyrir Brim.
- ✓ Úttekt vegna verkefnis um græna iðngarða fyrir Íslandsstofu og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.



## Kolefnishlutlaus árið 2030

Í tengslum við áherslu okkar á sjálfbærni tilkynnti KPMG Global árið 2020 að félagið hefði skuldbundið sig til að vera kolefnishlutlaust (e. net-zero) félag árið 2030. Til að ná þessu markmiði höfum við sett okkur almennt markmið um að draga úr umhverfisáhrifum okkar í gegnum alla virðiskeðjuna.

Við munum innleiða þetta í þremur þrepum með það að markmiði að verða kolefnishlutlaust félag eigi síðar en árið 2030. Okkar markmið er í samræmi við markmið KPMG Global sem hefur verið staðfest af alþjóðlegu sameignarfélagi Sameinuðu Þjóðanna, Science Based Targets initiative (SBTi), sem annast staðfestingar á markmiðum sem byggja á vísindalegri aðferðafræði og er í samræmi við feril um 1,5 gráðu hækkun á hitastigi.

Við munum vinna að markmiði okkar með því að minnka bæði beina og óbeina losun okkar (umfang 1, 2 og 3) um 50% samanborið við árið 2017. Það munum við gera með því að:

1. Mæla bæði beina (umfang 1) og óbeina (umfang 2 og 3) losun okkar á gagnsæjan og nákvæman hátt í samræmi við GHG staðla.
2. Stefna að því að draga eins mikið og mögulegt er úr beinni og óbeinni losun af starfsemi okkar til dæmis með því að fækka flugferðum, nota 100% vottaða endurnýjanlega orku og hvetja til sjálfbærra ferðamáta.
3. Kolefnisjafna þá losun sem eftir stendur með trúverðugum gagnaðilum og vottuðum verkefnum.

## Aðstoða viðskiptavini við að lágmarka neikvæð áhrif í starfsemi sinni

Við viljum hjálpa viðskiptavinum okkar að skilja umhverfis- og loftslagsáhrif sín og hvetja þá til að stýra áhættum og gera sér grein fyrir þeim tækifærum sem felast í því að lágmarka þessi áhrif, þvert á geira og á landsvísu. Við höfum þegar rætt við lykilfyrirtæki í ýmsum atvinnugreinum um margvísleg verkefni sem miða að því að hjálpa þeim að átta sig á kolefnisfótspori sínu, setja áætlanir um minnkun kolefnislosunar og vinna að því að auka endurnýtingu.

Með framsýni að leiðarljósi hefur okkur tekist að bera kennsl á áhættur og tækifæri viðskiptavina okkar og þróa nýjar þjónustur og vörur sem hjálpa þeim að takast á við hinar fjölmörgu umhverfis- og loftslagsáskoranir sem samfélagið okkar stendur frammi fyrir. Sérfræðingar okkar á sviði þeirra mála hafa víðtæka reynslu af því að aðstoða viðskiptavini okkar þegar kemur að umhverfis- og loftslagsmálum og við vinnum að því að gera þau mál að órjúfanlegum þætti í allri okkar þjónustu, hvort sem um ræðir endurskoðun, ráðgjöf, skatta- og lögfræðisþjónustu eða bókhaldsþjónustu.

## Aukin fræðsla

Við leggjum ennfremur áherslu á að veita fræðslu um umhverfis- og loftslagsmál bæði innan félagsins og utan. Utan félagsins halda sérfræðingar okkar reglulega námskeið og fyrirlestra um sjálfbærni við stærstu háskóla landsins, bæði á grunn- og framhaldsstigi. Innan félagsins þróuðum við kolefnisreiknivél sem allt starfsfólk félagsins getur notað til að mæla eigið kolefnisfótspor og þannig áttað sig betur á áhrifum sínum á umhverfið. Ýmislegt annað er líka á döfinni, til dæmis verkefni sem snýr að því að hjálpa yfirmanni mötuneytisins okkar að þróa sjálfbærari matseðil.

### Áskoranir sem viðskiptavinir okkar standa frammi fyrir

- ⊙ Að skilja þær áhættur og þau tækifæri sem loftslagsbreytingar hafa í för með sér fyrir viðskiptamódelið, aðfangakeðjuna og fjárfestingar (og uppfylla tilmæli TCFD-starfshópsins).
- ⊙ Undirbúa sig fyrir orkuskipti með því að hraða rafvæðingu til að hámarka notkun endurnýjanlegrar orku.
- ⊙ Aðlaga sig að hringrásarhagkerfinu með því að breyta viðskiptaháttum og leggja áherslu á skynsama aðfanganýtingu og draga úr myndun úrgangs.

## Mikilvægir áhættuþættir í umhverfis- og loftslagsstefnu

### Loftslagsbreytingar

Til að bregðast við ógninni sem stafar af loftslagsbreytingum höfum við ráðist í úttekt á losun gróðurhúsalofttegunda í allri starfsemi okkar, svo sem frá bifreiðum félagsins, ferðum starfsfólks til og frá vinnu, orkunotkun, flugi og losun á úrgangi. Við höfum einsett okkur að halda áfram að fylgjast með og greina losun gróðurhúsalofttegunda í starfsemi okkar, ásamt því að gera ráðstafanir til að draga úr losun.

### Áhrif á virðisikeðjuna

Megnið af losun okkar er fólgin í losun upp og niður eftir virðisikeðjunni í umfangi 3. Við munum innleiða grænt innkaupaferli til að styðja við þetta markmið. Að auki leggjum við áherslu á að styðja viðskiptavini okkar og starfsfólk í þeirra eigin sjálfbærnivegferð.


### Markmið

Kolefnishlutleysi (e. net-zero) árið 2030.


Ítarleg aðgerðaáætlun og frekari umhverfis- og loftslagsmarkmið verða mótuð á árinu 2022.

# Áhrifamælaborð umhverfis- og loftslagsstefnu


## LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA (tCO<sub>2</sub>i)



## LOSUNARKRÆFNI (tCO<sub>2</sub>i / starfsmaður)




## UPPRUNI LOSUNAR GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA (tCO<sub>2</sub>i)



## LOSUN FRÁ FERÐUM STARFSFÓLKS

**74** tonn CO<sub>2</sub> ígildi hækkar um ~15%


## ORKUNOTKUN Í STARFSSEMI (MWh)



## UMHVERFISSTEFNA

- Fylgir fyrirtækið formlegri umhverfisstefnu?
- Fylgir fyrirtækið tilteknum stefnum fyrir úrgang, vatn, orku og/eða endurvinnslu?
- Hefur fyrirtækið sett sér græna umhverfisstefnu?
- Hefur fyrirtækið sett sér markmið um að minnka losun gróðurhúsalofttegunda?

## INNLEIÐING TILMÆLA TCFD



Lýsing á helstu áhættu og tækifærum tengdum loftslagi ásamt nánari upplýsingum um innleiðingu á tillögum TCFD má finna í viðauka.

# Hagsæld

Áætlun Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun til ársins 2030 tilgreinir hagsæld sem nauðsynlegan þátt til að ná heimsmarkmiðum um sjálfbæra þróun. Áætlunin skilgreinir hagsælt samfélag sem öflugt samfélag, þar sem breytingar eiga sér stað fyrir allt fólk.

## Alþjóðaefnahagsráðið (e. World Economic Forum) flokkar hagsæld í þrjá hluta:

- Hagvöxtur byggður á mannsæmandi atvinnu, sjálfbæru lífsviðurværi, hækkandi rauntekjum, félagslegri vernd og aðgangi að fjármálaþjónustu fyrir alla.
- Nýsköpun og þróun viðskiptalíkana til að skapa sameiginleg verðmæti, þ.m.t. fjárfestingar í sjálfbærum og traustum innviðum, byggðum, iðnvæðingu, litlum og meðalstórum fyrirtækjum, orku og tækni.
- Sameiginleg velmegun og sanngjarn vöxtur, byggður á sjálfbærri framleiðslu og neyslu.

Þar sem við lítum á hlutverk okkar í samfélaginu og atvinnulífinu sem mikilvægt í öllum ofangreindum þremur hlutum er hagsæld okkur mikilvæg. Okkar eigin starfsemi getur stuðlað beint að hagsæld m.a. með því að veita starfsfólki okkar sjálfbært lífsviðurværi og þá félagslegu vernd sem fellst í stöðugri atvinnu og greiddum sköttum til samfélagsins. Þá getur starfsemi okkar stuðlað óbeint að hagsæld í gegnum vöruframboð okkar þar sem við hjálpum nýsköpunarfyrirtækjum að hefja starfsemi svo þau geti stuðlað að umbreytingu í samfélaginu og búið til sameiginleg verðmæti.

Á árinu 2021, fengum við 33 einstaklinga til starfa hjá okkur, auk þess sem við réðum fimm starfsnema til að styðja við hagnýta menntun ungs fagfólks. Auk þess höfum við, með verðmætaskapandi starfsemi okkar og tekjum,

lagt okkar af mörkum til íslensks samfélags með sanngjörnum skattgreiðslum um leið og við veitum starfsfólki okkar og fjölskyldum þeirra góða afkomu. Til að mæta þörfum viðskiptavina okkar og aðstoða þá í að móta starfsemi sína með gagnsæi, nákvæmni, sjálfbærni og siðferði að leiðarljósi, fjárfestum við í rannsóknum og þróun sifjellt fullkomnari verkfæra og færni starfsfólks.

### Á meðal árangursríka verkefna okkur eru

- ✓ **Musterið nýsköpunarhús fyrir frumkvöðla með framtíð.**
- ✓ **Skattsporið. Fræðsla og umræða um áhrif og mikilvægi skattspors fyrirtækja.**

Þetta er mikilvægt, því það eru ekki bara við, heldur einnig viðskiptavinir okkar sem geta aðstoðað við að skapa samfélagsleg verðmæti og þróa blómlegt, fjölbreytt og réttlátt hagkerfi. Það er almennt viðurkennt að fyrirtæki geta ekki náð árangri í samfélagi á fallanda fæti. Það eru viðskiptavinir okkar, stórir sem smáir, sem geta komið í veg fyrir það með því að greiða starfsfólki sínu sanngjörn laun. Með góðri stjórnun og stjórnarháttum hafa fyrirtæki svigrúm og fjárhagslegt bolmagn til að efla nýsköpun og umbreyta hagkerfi okkar til hins betra og koma á fót innviðum sem styðja við starfsemi og umbætur í samfélaginu til framtíðar.

Ef viðskiptahættir fyrirtækja njóta ekki trausts getur fjármögnunarkostnaður hækkað og aðgengi að fjármagni minnkað. En með góðum stjórnarháttum og gagnsæjum, sanngjörnum og heiðarlegum viðskiptaháttum er hægt að forða hagkerfinu frá slíku misvægi og gera því kleift að dafna. Við munum áfram líta á hlutverk okkar að auka traust, tryggja góða stjórnarhætti og almennt aðstoða viðskiptavini okkar svo við getum í sameiningu stuðlað að áframhaldandi hagsæld.

## Áskoranir sem viðskiptavinir okkar standa frammi fyrir

- ⊙ Skilningur á framlögum til samfélagsins með greiðslu á margvíslegum sköttum.
- ⊙ Þýðingarmiklar fjárfestingar í rannsókn og þróun, orku og tækni fyrir sjálfbæra framleiðslu og neyslu.
- ⊙ Fjárfestingar í traustum innviðum og byggðum.
- ⊙ Skilningur á mikilvægi þýðingarmikillar atvinnusköpunar fyrir blómlegt samfélag og atvinnulíf.

## Mikilvægir áhættuþættir í stefnu á sviði hagsældar

### Atvinna og verðmæta-sköpun


Sem mikilvægur hluti af íslensku atvinnulífi stefnum við að því að halda áfram að vera markmiðadrifið fyrirtæki, skapa þýðingarmikil störf, fjárfesta í sjálfbærri tækni ásamt rannsóknum og þróun, viðhalda trausti á fjármagnsmörkuðum með vandaðri endurskoðun og greiða sanngjarnan hlut í skatta auk þess að tryggja að viðskiptavinir okkar stundi löglega, gagnsæja og sjálfbæra viðskiptahætti til að tryggja blómlegt nýsköpunarhagkerfi fyrir allt fólk.

### Markmið


Ítarleg aðgerðaáætlun og frekari hagsældarmarkmið verða mótuð á árinu 2022.

## Áhrifamælaborð hagsældarstefnu


### FJÖLDI RÁÐNINGA Í FULLT STARF Á ÁRINU



### FJÖLDI RÁÐNINGA Í FULLT STARF EFTIR ALDURSFLOKKUM



### SKATTAR GREIDDIR TIL SAMFÉLAGSINS (millj. kr.)



### EFNAHAGSLEGT FRAMLAG

Tekjur **5.303** millj. kr.

Rekstrar-kostnaður **776** millj. kr.

Launa-kostnaður **3.665** millj. kr.

Greiðslur til fjárfesta/eigenda **250** millj. kr.

### RÁÐNINGAR Í FULLT STARF EFTIR ÞJÓÐERNI (2017-2021)



Viðauki

# Áhætta og tækifæri tengd loftslagi

Við vitum að starfsemi okkar hefur áhrif á umhverfi og loftslag. Við vitum einnig að umhverfi og loftslag hafa bæði fjárhagsleg og önnur rekstrarleg áhrif á starfsemi okkar. Samhliða þessari fyrstu sjálfbærnisráðgjöf okkar viljum við að auki birta fyrstu upplýsingagjöf okkar um loftslagstengda áhættu eða TCFD skýrslugjöf (e. Task Force on Climate-Related Financial Disclosures).

Þessi upplýsingagjöf okkar er unnin eftir leiðbeiningum TCFD en þær kveða á um að fyrirtæki greini áhættur og tækifæri vegna loftslagsbreytinga og myndi viðeigandi sviðsmyndir um mögulega framtíð og stefnu fyrirtækja í hverri sviðsmynd. Leiðbeiningar TCFD eru byggðar á fjórum kjarnabáttum: stjórnun, stefnumótun, áhættustýringu auk mælikvarða og markmiða. Meginmarkið okkar á þessu ári er að ná betur utan um áhættur og tækifæri. Nánari upplýsingar um TCFD má finna á [fsb-tcfid.org](https://fsb-tcfid.org)

Á árinu 2022 munum við ganga lengra og rýna betur og skilja áhrif okkar á umhverfi og loftslagsmál og áhrif þeirra á okkar starfsemi og mun sjálfbærnisnefnd félagsins bera ábyrgð á loftslagsáhættu. Umhverfis- og loftslagsstefna okkar, sem finna má í kaflanum „Jörðin“ tekur einnig á loftslagstengdri áhættu. Mótun þeirrar stefnu mun þróast í takt við innleiðingu á loftslagstengdri áhættu í áhættustýringu okkar. Á sama tíma munum við vinna að sviðsmyndagerð og þróa mælikvarða okkar enn frekar.

## Umbreytingaráhætta og tækifæri

Tegund	Áhætta og tækifæri	Lýsing
<b>Núverandi og væntanleg lög og reglugerðir</b>	Þjónustuframboð <b>Tækifæri</b>	Lög og reglur á kolefnisfreka starfsemi, vörur og þjónustu veitir okkur tækifæri til frekari vaxtar á sjálfbærnitengdri þjónustu.
<b>Tækni</b>	Kostnaður við að skipta yfir í lágkolefnahagkerfi <b>Tækifæri</b>	Það leynast tækifæri í því að aðstoða viðskiptavinum okkar í stafrænni umbreytingu, sjálfvirknivæðingu og mótun sjálfbærniupplýsinga.
<b>Markaðurinn</b>	Breyting á hegðun viðskiptavina <b>Áhætta / Tækifæri</b>	Þessi breyting skapar bæði áhættu og tækifæri. Við munum þurfa að aðlaga kjarnaþjónustu okkar að breyttum þörfum viðskiptavina og markaðarins í heild en það skapar jafnframt tækifæri til frekari vaxtar á sérhæfðri sjálfbærniþjónustu okkar sem og annarri þjónustu til að mæta þörfum viðskiptavina okkar.



## Umbreytingaráhætta og tækifæri frh.

Tegund	Áhætta og tækifæri	Lýsing
<b>Orðspor</b>	Auknar áhyggjur hagsmunaaðila <b>Áhætta / Tækifæri</b>	Öflug sókn okkar í aukna upplýsingagjöf um losun gróðurhúsalofttegunda og birtingu sjálfbærniupplýsinga mun líklega uppfylla væntingar hagaðila og ólíklega veikja orðspor okkar á meðan við sinnum leiðtogahlutverki okkar á sviði sjálfbærni.
	Orðsporsáhætta viðskiptavina <b>Áhætta / Tækifæri</b>	Við erum meðvituð um að þjónusta við ákveðna viðskiptavini, t.d. þá sem brjóta samfélagssáttmála, lög eða reglur um t.d. mannréttindi eða önnur atriði innan sjálfbærnimengisins getur falið í sér orðsporsáhættu. Við sjáum þó einnig tækifæri í því að vinna með slíkum viðskiptavinum með það að markmiði að aðstoða þá við að bæta starfsemi sína og geta skapað samfélagslegt virði.
	Laða að og halda í hæfasta starfsfólkið <b>Tækifæri</b>	Sem þjónustufyrirtæki er lykilatriði fyrir okkur að laða að og halda í hæfasta starfsfólkið. Í okkar huga er það tækifæri að leggja aukna áherslu á sjálfbærni þar sem hæfileikaríkt fólk vill frekar vinna hjá vinnuveitanda þar sem sjálfbærnimál eru í forgangi. Að auki er stefna okkar að koma sjálfbærni inn í alla þjónustu okkar.

## Raunáhætta

Tegund	Áhætta	Áhrif	Mótvægisaðgerðir /stjórnun
<b>Áhætta vegna aukinnar tíðni og umfangs breytinga</b>	Flóð og hækkan sjávarmáls <b>Áhætta</b>	Hætta á flóðum vegna hækkanði sjávarmáls og jökulhlaups er lítil á byggðum svæðum þar sem skrifstofur okkar og helstu viðskiptavinir okkar eru. Áhrifaþættir eru m.a. bráðnun jökla á Íslandi sem létta á landinu og minnkandi aðdráttarafl sjávar vegna bráðnun Grænlandsjökuls.	Áhættumat, tryggingavernd, áætlanagerð viðskipta og reksturs.
<b>Langtímaáhrif breytinga loftlags</b>	Vatnsnotkun og hækkanði hitastig <b>Áhætta</b>	Ísland er númer tvö á eftir Grænlandi, á lista yfir besta aðgengi að endurnýjanlegum vatnskosti. Hækkanði hitastig á heimsvísu hefur áhrif á Ísland, hraðar en mörg önnur svæði í heiminum. Það er þó ólíklegt að við munum upplifa mjög hátt hitastig.	Engar beinar aðgerðir nauðsynlegar.

<b>Reykjavík</b> Borgartúni 27	<b>Hella</b> Prúðvangi 18
<b>Akranes</b> Bárugötu 8-10	<b>Höfn í Hornafirði</b> Litlabrú 1
<b>Akureyri</b> Glerárgötu 24	<b>Reyðarfjörður</b> Austurvegi 20
<b>Blönduós</b> Húnabraut 13	<b>Reykjanesbær</b> Krossmóa 4
<b>Borgarnes</b> Bjarnarbraut 8	<b>Sauðárkrókur</b> Borgarmýri 1a
<b>Dalvík</b> Ráðhúsi	<b>Selfoss</b> Austurvegi 4
<b>Egilsstaðir</b> Fagradalsbraut 11	<b>Stykkishólmur</b> Aðalgötu 5
<b>Hafnarfjörður</b> Reykjavíkurvegi 66	<b>Vestmannaeyjar</b> Ægisgötu 2
	<b>Sími 545 6000</b>

kpmg.is   